



## Faghópur 3

### Fundargerð 10. fundar

Háskólinn á Akureyri, 26. okt. 2009, kl. 8:30-12:30

**Mætt:** Kjartan Ólafsson, Guðmundur Guðmundsson, Hjalti Jóhannesson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

**Forföll:** Daði Már Kristófersson (kom inn á fundinn í símasambandi í 30 mín.)

#### Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar, 2. Okt., var samþykkt með örfáum athugasemdum.
2. **Landsnet.** Guðmundur Guðmundsson hefur verið í sambandi við Árna Jón, starfsmann Landsnets, sem gefið hefur í skyn að hann geti rétt fram hjálparhönd að ákvarða raflínustæði og grunnupplýsingarum kostnað vegna línulagna vegna virkjanakosta í forgangi. Ekki hafa komið fram frekari viðbrögð frá Árna í þessa veru.
3. **Þyngdapunktur, mannfjöldi og atvinnugreinaskipting.** Hjalti lagði fram yfirlit (kort) yfir „mannfjöldalega þyngdarpunkta“ landsins, eftir landshlutum og yfir landið allt. Yfirlitið tók ekki tillit til samgangna eða staðsetninga virkjunarkosta. Hugmyndin er að leggja yfirlitið til grundvallar mati á áhrifum einstakra virkjunarkosta á héraðsvísu með því að mæla fjarlægð virkjunar frá mannfjöld-punkti viðkomandi landshluta. Einnig var lagt fram yfirlit yfir mannfjölda eftir landshlutum á tímabilinu 2000-2009. Þá komu fram upplýsingar um skiptingu vinnuafls í einstökum atvinnugreinum eftir landshlutum og rætt um mismunandi einhæfni atvinnulífs eftir landshlutum. Lagt var fram línurit sem gerði grein fyrir „einhæfnisstuðli atvinnulífs“ landhlutanna skv. þrískiptingunni; frumvinnsla, iðnaður og þjónusta. Samstaða um þá afstöðu að virkjun ætti meira erindi til landshluta þar sem einhæfni ríkti í atvinnulífi.
4. **Dæmi um mat á virkjunarkostum.** Lögð var fram glærुकyning frá Daða sem hann skýrði í símasambandi. Í kynningunni gefur að líta dæmi um mat á virkjunarkostum; Neðri hluta Þjórsár, Austari Jökulsár í Skagafirði og Þeistareykjum. (Sjá glærुकyninguna með fundargerð á vinnusvæði heimasíðu.) Daði mun skýra töflur kynningarinnar nánar á næsta fundi.
5. **Kynningarfundur um aðferðafræði.** Rætt var um fyrirhugaðan kynningarfund um aðferðafræði þann 30. október.
6. **Næsti fundur** verður haldinn föstudaginn 13. nóv. á Orkustofnun í Reykjavík kl. 10:00. Fyrir fundinn mun áfram verða unnar upplýsingar um einhæfni starfa og metin fjarlægð virkjunarkosta að mannfjöldamiðju landshluta.